



Benni Sæm GK 26

Bókun

Mál nr.: 2024-051-S-019

Dagsetning: 12. september 2024

Staðsetning: Sandgerðishöfn

Atvik: Ætlaður bruni í vélarrúmi

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 12. september 2024 um klukkan fimm að morgni var Benni Sæm GK 26 á leið úr höfn frá Sandgerði. Þegar báturinn var í innsiglingunni, á milli garða, fór rafmagnið af skipinu og vegna gruns um eld í vélarúmi var drepíð á vélum skipsins. Siggí Bjarna var stutt frá og aðstoðaði hann Benna Sæm. Um klukkan 5:30 var Benni Sæm kominn aftur að bryggju. Reyndist einangrunarbilun hafa orðið í rafal á ljósavél með þeim afleiðingum að mikill reykur og eldglæringar mynduðust en ekki eldur.

Veður: Logn og sléttur sjór.

Skipaskrár. nr. 2430

Útgerð: Nesfiskur ehf.

Smíðaður: Kína 2001

Stærð: 135 BT.

Mesta lengd: 23,94 m

Skráð lengd: 22,08 m

Breidd: 14 m

Vél: CUMMINS, 2001 448 kW

Fjöldi skipverja: 6



Atvikalýsing

Þann 12. september 2024 um klukkan fimm að morgni var Benni Sæm GK 26 á leið úr höfn í Sandgerði. Veður var nánast logn og sléttur sjór.

Þegar báturinn var í innsiglingunni, á milli garða, fór rafmagnið af skipinu og neyðar- og brunaviðvörðunarkerfi skipsins fór í gang. Vélstjóri hljóp þegar niður í vélarúmið og sá eldglæringar. Hljóp hann þá upp í brú og tilkynnti hvað væri í gangi.

Skipið var á hægri ferð þegar þetta gerðist og þegar vélstjórinn kom upp í brú setti skipstjórinn vél skipsins í aftur á bak svo það stoppaði og stöðvaði því næst aðalvél skipsins. Fór vélstjórinn aftur niður í vél og sá þá lítinn eld undir ljósavélinni sem hann slökkti með handslökkvitæki. Skipstjóri virkjaði neyðaráætlunina og fóru skipverjar í að loka lúgum að vélarúminu.

Við nánari athugun var talið að ekki væri um eld að ræða og var því ákveðið að hleypa ekki af slökkvikerfi vélarúmsins.

Siggi Bjarna, systurskip Benna Sæm, lagði úr höfn stuttu áður og var skammt undan. Kallað var á skipstjóra hans eftir hjálp. Reynt var án árangurs að láta akkeri falla en þegar skipið hafði verið í slipp hafði verið málað yfir losunarbúnað akkersins með þeim afleiðingum að ekki tókst að losa upp á honum enda tíminn ekki langur þar til Siggi Bjarna var kominn. Um klukkan 5:30 var búið að draga Benna Sæm aftur að bryggju.

Slökkvilið hafði verið kallað út og beið á bryggjunni þegar Benni Sæm lagðist að. Var farið niður í vélarúm með hitabyssur. Reyndist einangrunarbilun hafa orðið í rafal á ljósavél með þeim afleiðingum að mikill reykur og eldglæringar mynduðust en ekki eldur.

Eftir að lögregla og slökkvilið luku aðgerðum um borð settist áhöfnin niður, líkt og ávallt var gert eftir björgunaræfingar, þar sem farið var yfir atburðinn til að skoða hvort áhöfnin hefði getað gert eitthvað betur.



Einangrunarbilun í rafal á ljósavél Benna Sæm. Myndin sýnir úttök rafalsins sem hafa brunnið.

Mikilvægar ábendingar

Nefndin telur að viðbrögð áhafnar hafi verið rétt en bendir á að akkeri er hluti af öryggisbúnaði skips og þarf að fylgjast vel með að hann virki sem skyldi.



Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Geirprúður Alfreðsdóttir